

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2024, fimmtudaginn 21. mars var 72. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var opinn og haldinn í Sjóminjasafni Reykjavíkur og hófst kl. 14.00. Fundinn sátu: Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir, Unnur Þöll Benediktsdóttir, Björgvin Björgvinsson, Katarzyna Beata Kubis, Anna Kristín Jensdóttir, Áslaug Inga Kristinsdóttir, Þorkell Sigurlaugsson og Hallgrímur Eymundsson. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Bryndís Snæbjörnsdóttir og Bragi Bergsson. Valgerður Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir, formaður aðgengis- og samráðsnefndar, heldur ávarp og setur opinn fund aðgengis- og samráðsnefndar sem fram fer undir yfirskriftinni; Aðgengi að söfnum Reykjavíkurborgar. MSS24010125
- Bragi Bergsson, aðgengisfulltrúi Reykjavíkurborgar, heldur ávarp; Aðgengisfulltrúi og Aðgengisstefna. MSS22010199
- Jóhanna Ásgeirsdóttir, listrænn stjórnandi Listar án landamæra, Þórir Gunnarsson listamaður og ráðgjafi Listvinnslunnar, Elín S. M. Ólafsdóttir listakona og Margrét M. Norðdahl framkvæmdastýra Listvinnslunnar flytja ávarp; Inngilding- aðgengi fatlaðs listafólks að listasöfnum. MSS24030110
- Halla Margrét Jóhannesdóttir, verkefnastjóri miðlunar hjá Listasafni Reykjavíkur, Helga Maureen Gylfadóttir, deildarstjóri hjá Borgarsögusafni og Hlín Gylfadóttir verkefnastjóri samfélagsverkefna og safnfræðslu hjá Borgarsögusafni halda ávarp; Aðgengi að sýningarstöðum Borgarsögusafns Reykjavíkur og Listasafns Reykjavíkur. MSS24030109
- Fram fer afhending á aðgengisviðurkenningu Reykjavíkurborgar. Bíó Paradís hlýtur aðgengisviðurkenningu Reykjavíkurborgar 2023. MSS24020023

Fundi slitið kl. 16.00

Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir

Unnur Þöll Benediktsdóttir
Þorkell Sigurlaugsson
Björgvin Björgvinsson
Anna Kristín Jensdóttir

Hallgrímur Eymundsson
Áslaug Inga Kristinsdóttir
Katarzyna Beata Kubis